

Sunnudagur 12. mars

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.40 **Maður er nefndur Þórbergur Þórðarson.** Magnús Bjarnfréðsson ræðir við meistarara Þórberg. Endursýnt frá 20. apríl 1970.
- 17.50 **Sunnudagshugvekja.** Björg Einarssdóttir rithöfundur flytur.
- 18.00 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
- 18.25 **Ævintýri Tusku-Tótu og Tusku-Tuma** (Raggedy Ann and Andy). Bandarískur teiknimyndaflokkur um leikföngin sem lifna við og ævintýrin sem þau lenda í. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
- 18.55 **Táknmálsfréttir.**
- 19.00 **Roseanne** (Roseanne). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.35 **Matador** (Matador). Atjándi þáttur. Danskur framhaldsmyndaflokkur í 24 þáttum. Leikstjóri Erik Balling. Aðalhlutverk Jørgen Buckhøj, Buster Larsen, Lily Broberg og Ghita Nørby. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 21.55 **Óviltinn.** Fyrsti þáttur. Endursýnd leikgerð Kjartans Ragnarsónar á sögu Þórbergs Þórðarsonar í flutningi Leikfélags Reykjavíkur á sviðinu í lóni. Leikritið verður flutt í þremur hlutum og verða 2. og 3. hluti sýndir 13. og 14. mars. Með aðalhlutverk fara þeir Emil Guðmundsson og Jón Hjartarson en þeir leika Þórberg. Aður á dagskrá á páskadag 1983.
- 22.50 **Njósni af lífi og sál** (A Perfect Spy). Fimmti þáttur. Breskur myndaflokkur í sjö þáttum, byggður á samnefndri sögu eftir John Le Carré. Aðalhlutverk Peter Egan, Ray McNally, Rudiger Weigand og Peggy Ashcroft. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.
- 23.50 **Úr ljóðabókinni.** Tvær ástavisur eftir Kormák Ógmundarson. Kristján Franklín Magnús flytur og formála flytur Sveinn Yngvi Egilsson. Dagskrárgerð Jón Egill Bergþórsson.
- 00.00 **Valur-Magdeburg.** Sýndar svipmyndir frá leiknum sem var háður fyrir um kvöldið í Evrópukeppninni í handknattleik.
- 00.15 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök.**



- 8.00 **Rómartjör.** Teiknimynd.
- 8.20 **Högni hrekkvisi.** Teiknimynd.
- 8.40 **Stubbarnir.** Teiknimynd.
- 9.05 **Furðuverur.** Leikin mynd um börn sem komast í kynni við tvær furðuverur.
- 9.30 **Denni dæmalausi.** Bráðfjörug teiknimynd.
- 9.50 **Dvergurinn Davíð.** Falleg teiknimynd með íslensku tali um dverginn Davíð og ævintýri hans.
- 10.15 **Lafði Lokkaprúð.** Teiknimynd.
- 10.30 **Herra T.** Teiknimynd.
- 10.55 **Perla.** Teiknimynd.
- 11.20 **Fjölskyldusögur.** Teenage Special. Leikin barna- og unglíngamynd.
- 12.10 **Athyglisverðasta auglýsing ársins.** Endursýnt frá verðlaunaafhendingu athyglisverðustu auglýsinga ársins sem fram fór 23. febrúar 1989.
- 13.00 **Þræðir.** Lace I. Seinni hluti endursýndrar sjónvarpsmyndar. Fjallar hún um vinnskap þriggja ungra kvenna. Líf þeirra tekur óvænta stefnu þegar ein af þeim verður fyrir aðfrifaríkri lífsreynslu sem þær ákveða að hylma yfir og standa þá saman sem ein mynd. Aðalhlutverk: Brooke Adams, Deborah Raffin, Arielle Dombasle og Phoebe Cates.
- 14.35 **Undur alheimsins.** Nova. Í þessum þætti verður rætt við nokkra kunnna fræði- og vísindamenn sem láta skoðanir sínar á hugmyndum Freuds í ljós. En fyrst og fremst verður reynt að svara spurningunni: Hver var þessi maður sem hafði svo gífurleg áhrif á sjálfsmynd okkar og samskipti við annað fólk?
- 15.30 **'A la carte.** Endursýndur þáttur

- þar sem við fylgjumst með hvernig matbúa má ferskt ávaxtasalat með núðlum og kjúkling í jógurt-sósu í forrétt og léttsteiktan regnbogasilung með pasta í spinat-sósu sem aðalrétt. Umsjón Skúli Hansen.
- 16.05 **Samkeppnin.** The Competition. Mynd um eldheitt ástarsamband tveggja plánóleikara og samkeppni þeirra á milli á vettvangi tónlistarinnar. Aðalhlutverk: Richard Dreyfuss, Lee Remick og Amy Irving. Leikstjóri: Joel Olan-sky.
- 18.10 **NBA körfuboltinn.** Nokkrir af bestu íþróttamönnum heims fara á kostum.
- 19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni liðandi stundar.
- 20.00 **Geimálfurinn.** Alf. Hrekkjalómurinn og heimilisvinurinn Alf er alltaf samur við sig.
- 20.30 **Íþróttir** Umsjón Heimir Karlsson.
- 21.45 **Áfangar.** Sérstæðir og vandaðir þættir þar sem brugðið er upp svipmyndum af ýmsum stöðum á landinu sem merkir eru fyrir náttúrufegurð eða sögu en ekki eru alltaf í alfaraleið.
- 21.55 **Helgaspjall.** Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri tekur á móti góðum gestum í sjónvarps-sal.
- 22.40 **Alfred Hitchcock.** Stuttir sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistarara hrollvekkjunnar.
- 23.05 **Gulni drengurinn.** The Golden Child. Í þetta sinn tekst Eddie Murphy á hendur ævintýrafæri til Tibet. Ferðin er farin til þess að bjarga gullna drengnum sem afvegaleiddur hefur verið af illum öndum. Aðalhlutverk Eddie Murphy og Charlotte Lewis. Ekki við hæfi barna.
- 00.35 **Dagskrárlök.**

Rás 1
FM 92,4/93,5

- 7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
- 7.50 **Morgunandakt.** Séra Sváfnir Sveinbjarnarson prófatar á Breiðabólstað flytur ritningarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.**
- 8.15 **Veðurfreginir.** Dagskrá.
- 8.30 **A sunnudagsmorgni með Ástríði Thorarensen.** Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins, Lúkas 1, 26-38.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.**
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.25 **Skrafað um meistarara Þórberg.** Þættir í tilefni af aldarafmæli hans í dag, 12. mars. Umsjón: Arni Sigurjónsson.
- 11.00 **Messa í Seltjarnarneskirkju.** Prestur: Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir.
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar. Tónlist eftir Joseph Haydn.
- 13.30 **Brot úr útvarpsögu.** Fimmti og lokabáttur. Umsjón: Gunnar Stefánsson. Lesarar: Hallmar Sigurðsson, Jakob Þór Einarsson og Margrét Ólafsdóttir.
- 14.40 **Með sunnudagskaffinu.** Sigild tónlist af léttara taginu. Franz Lehár og Johann Strauss.
- 15.00 **Góðvínafundur.** Ólafur Þórðarson tekur á móti gestum í Duus-húsi. Trío Guðmundar Ingólfssonar leikur. Meðal gesta eru Jóhann G. Jóhannsson og RARIK-kórinn.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið** - Framhalds-leikrit barna og unglínga: „Börnin frá Víðigerði“, eftir Gunnar M. Magnúss sem jafnframt er sögu-maður. Leikstjóri: Klemenz Jónsson. Tíundi og lokabáttur. Leikendur: Gísli Halldórsson, Arni Tryggvason, Bryndís Pétursdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Borgar Garðarsson og Jón Júlíusson. (Frum-flutt 1963.)
- 17.00 **Tónleikar á vegum Evrópu-**

- bandalags útvarpsstöðva.** Útvarpað verður fyrri hluta úrslita í Mariu Callas söngkeppninni sem fram fór í Napólí í febrúar í fyrra. (Hljóðritun frá ítalska útvarpinu, RAI.)
- 18.00 **„Eins og gerst hafi í gær“.** Viðtalsþáttur í umsjá Ragnheiðar Davíðsdóttur. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 10.30.) Tónlist. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Leikrit mánaðarins:** „Húsvörðurinn“ eftir Harold Pinter. Þýðandi: Skúli Bjarkar. Leikstjóri: Benedikt Arnason. Leikendur: Bessi Bjarnason, Gunnar Eyjólfsson og Valur Gíslason. (Leikritið var áður á dagskrá í október 1969.) (Endurtekið frá fyrra laugardegi.)
- 21.10 **Ekki er allt sem sýnist** - Vatnið. Umsjón Bjarni E. Guðleifsson. (Frá Akureyri).

- 21.30 **Útvarpsagan:** „Heiðaharmur“ eftir Gunnar Gunnarsson. Andrés Björnsson hefur lesturinn.
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
- 22.15 **Veðurfreginir.**
- 22.20 **Harmonikubáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinsson.
- 23.00 **Ugla hennar Minervu.** Þættir um heimspeki. Rætt við Garðar Gíslason um forsendur og tilgang laga og réttar. Umsjón: Arthúr Björgvin Bollason. (Áður útvarpað í mars 1985.)
- 23.40 **Kvöldtónleikar í Vínarborg.**
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Ómur að utan.** Umsjón: Signý Pálsdóttir.
- 01.00 **Veðurfreginir.** Næturútlit á samtengdum rásum til morguns.



- 03.05 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfreginir frá Veðurstofu kl. 4.30.
- 9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gest.** Sigild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
- 11.00 **Úrval vikunnar.** Úrval úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Spilakassinn.** Magnús Einarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa Rásar 2.
- 15.00 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnr tíu vinsælustu lögin. (Endurtekin frá föstudagskvöldi.)
- 16.05 **123.** tónlistarkrossgátan. Jón Gröndal leggur gátuna fyrir hlustendur.
- 17.00 **Tengja.** FH-Krasnodar. Kristján Sigurjónsson og íþróttfréttamenn tengja saman lög úr ýmsum áttum og lýsa leik FH og Krasnodar í Evrópukeppniu félagsliða í handknattleik í Evrópu keppni félagsliða í handknattleik, 8 liða úrslit.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Útvarp unga fólksins** - Frá sýningu Herranætur. Sigrún Sigurðardóttir og Jón Atli Jónsson með hljóðnemann á sýningu Menntaskælinga á „Tóm ást“ eftir Sjón.
- 20.30 **Valur-Magdeburg.** Bein lýsing á leik Vals og Magdeburg í 8 liða úrslitum Evrópukeppni meistaraliða í handknattleik.
- 22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
- 01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. agðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfreginir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.



- 10.00 **Haraldur Gíslason.** Þægileg sunnudagstónlist.
- 16.00 **Ólafur Már Björnsson.** Góð sunnudagstónlist. Óskalagasiminn er 61 11 11.
- 21.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg tónlist á sunnudegi.
- 24.00 **Næturdagskrá** Bylgjunnar.



- 10.00 **Margrét Hrafnadóttir.** Þessi fjallhressa útvarpskona fer á kost-

- um hér á Stjörnunni. Margrét fer rólega af stað en kemur okkur síðan smátt og smátt í gang.
- 14.00 **Í hjarta borgarinnar.** Þetta er þáttur sem öll fjölskyldan hlustar á. Jörundur Guðmundsson stýrir þessum bráðskemmtilegu þáttum sem eru í beinni útsendingu frá Hótel Borg. Þar koma fram leikararnir Guðmundur og Magnús Ólafssynir, kallaðir MÓL og GÓL. Einnig mæta í þáttinn fulltrúar frá tveimur fyrirtækjum sem keppa í léttum og spennandi spurninguleikjum og síðast en ekki síst spjallar Jörundur svo við tvo kunna gesti í hverjum þætti. Skemmtiþáttur sem enginn má missa af!
- 16.00 **Margrét Hrafnadóttir.** Magga tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið og heldur uppi góðri stemningu, hvar annars staðar en hér á Stjörnunni.
- 18.00 **Stjarnan á rólegu nótonum.** Þægileg tónlist á meðan þjóðin nærir sig.
- 20.00 **Sigursteinn Másson.** Óskalagaþáttur unga fólksins. S. 681900.
- 24.00 **Næturstjörnur.** Ökynnt tónlist úr ýmsum áttum.

Hljóðbylgjan

Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

- 9.00 **Haukur Guðjónsson,** hress og kátur á sunnudagsmorgni.
- 12.00 **Ökynnt hádegisstónlist.**
- 13.00 **Pétur Guðjónsson** sér um að hafa góða skapið í lagi á sunnudegi.
- 16.00 **Hafís Eycló Jónsdóttir** spilar og spjallar.
- 19.00 **Ökynnt kvöldmatartónlist.**
- 20.00 **Íslenskir tónar.** Kjartan Pálmarrson leikur öll bestu íslensku lögin, lögin fyrir þig.
- 23.00 **Þráinn Brjánsson,** kveldúlfurinn mikli, spilar tónlist sem á vel við á kvöldi sem slíku.
- 1.00 **Dagskrárlök.**



- 14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins - endurtekið frá þriðjudegi.
- 15.00 **Alfa með erindi til þín:** Guð er hér og vill finna þig. Blessunarrík tónlist spiluð.
- 21.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins - endurtekið frá fimmtudegi.
- 22.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
- 24.00 **Dagskrárlök.**



- 10.00 **Sigildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
- 12.00 **Jass & blús.**
- 13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Elds er þörf.** Vinstri sósíalistar. E.
- 16.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
- 17.00 **Á mannlegu nótonum.** Umsjón: Flokkur mannsins.
- 18.00 **Úr ritverkum Þórbergs Þórðarsonar.** Jón frá Pálmholti les.
- 18.30 **Mormónar.** E.
- 19.00 **Sunnudagur til sælu.** Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
- 20.00 **Fés.** Unglingabáttur.
- 21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristjáns Freys.
- 22.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'í-samfélagið á Íslandi.
- 23.00 **Kvöldtónar.** Tónlist á rólegu nótonum.
- 23.30 **Rólar draugar.**
- 24.00 **Næturvakt** til morguns með Baldri Bragasyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666. Meðal efnis: kl. 2.00 Poppmessa í G-dúr. Tónlistarþáttur í umsjá Jens Guð. E. Leikin breiðskífa næturinnar. lesið úr Íslókinu o.fl.



- 12.00 **FÁ.**
- 14.00 **MR.**
- 16.00 **MK.**
- 18.00 **FG.**
- 20.00 **Útvarpsráð Útrásar.**
- 22.00 **Neðanjarðargöngin,** óháður vinsældalisti á FM 104,8.
- 01.00 **Dagskrárlök.**

Rás 1 kl. 10.25:

Skrafað um Þórberg



Þórbergur Þórðarson les sjálfur eitt kvæði.

Í dag er liðin öld frá fæðingu Þórbergs Þórðarsonar. Ríkisútvarpið hefur látið gera röð þátta um Þórberg og verk hans sem sendir eru út á sunnudagsmorgnum og eru þeir í umsjá dr. Árna Sigurjónssonar.

Þátturinn í dag fjallar um kvæði Þórbergs sem mörg þóttu býsna nýstárleg á sínum tíma. Rætt verður við Steinunni Sigurðardóttur skáld um þau og Þórbergur les sjálfur kvæði góða um sósurnar.

Þótt ekki liggi mörg kvæði eftir Þórberg var hann án efa eitthvert snjallasta gamankvæðaskáld sem þjóðin hefur átt.

Sjónvarp kl. 18.25:


Ævintýri Tusku-Tótu og Tusku-Tuma

Ævintýri Tusku-Tótu og Tusku-Tuma er teiknimyndasæfa fyrir börn sem gerð er eftir þekktum teikniáttum sem hafa skemmt börnum um allan heim í sjötíu ár. Tusku-Tóta og Tusku-Tumi eru systkini sem búa í leikherbergi Marcellu. Þau eiga sér vini sem eru Tusku-kisa, Tusku-hundur og fleiri afbrigði úr dýrarríkinu.

Þegar hljótt er orðið lifna þessar skemmtilegu tuskubrúður við og lenda í miklum ævintýrum og oft á tíðum í vandræðum þegar þau koma öðrum til hjálpar.

Í veröld tuskubrúðanna eru drekar, álfar og einstaka furðuverur ásamt töframanninum Kracklin sem ávallt reynir að hindra hetjurnar okkar.

-HK



Andrés Björnsson hefur lestur nýrrar útvarpsögu í kvöld.

Rás 1 kl. 21.30:

Heiðaharmur

Andrés Björnsson hefur lestur nýrrar útvarpsögu í kvöld. Sagan nefnist Heiðaharmur og er eftir Gunnar Gunnarsson. Í maí í vor verður öld frá fæðingu Gunnars, en hann er einn af öndvegisríthöfundum þjóðarinnar.

Ríthöfundarferill hans var langur og umskiptasamur. Hann bjó í Danmörku í rúm 30 ár og vann sér frægð fyrir sögur, samdar á dönsku.

1939 fluttist hann heim og gaf árið eftir út Heiðaharmur sem er hans fyrsta saga sem frumsamin er á íslensku.

Sagan gerist í austfirskri fjallabyggð á síðustu áratugum nítjándu aldar. Í bak-sýn er fólksflótti úr heiðinni og til Ameríku. Brandur á Bjargi berst af öllum mætti gegn straumi tímans og reynir að halda byggðinni lifandi en á við ofurefli að etja.

Útvarp Rót kl. 10.00:

Vetrarferðin

Sigildur sunnudagur er vikulega á dagskrá Rótarinnar á sunnudagsmorgnum. Markmiðið með þessum þætti er að flytja klassíska tónlist og er það hluti af mikilvægri dagskrárgerð Rótar að bjóða upp á klassíska tónlist.

Að þessu sinni ber hæst í þættinum eitt af þekktustu verkum austurríska tónskáldsins Franz Schuberts Die Winterreise eða Vetrarferðina sem hann gerði við samnefndan ljóðaflokk eftir ljóðskáldið Wilhelm Müller. Einnig fá hlustendur að heyra tónlist Edvard Grieg um Pétur Gaut og kafla úr Myndum á sýningu eftir rússneska tónskáldið Modest Mussorski.

UMFERDAR
RÁÐ